

Pórey lærir að flokka



Emilía Karen Ágústsdóttir

Þórey er lítil stelpa sem á risastóra fjölskyldu hún á fullt af dóti og finnst ótrúlega gaman að leika sér með dótið sitt og með vinum sínum, en Þórey er að verða stór og er að fara í grunnskóla á næsta ári og vill vera duglegri og langar að hjálpa meira til heima. Hún spyr mömmu hvernig hún gæti hjálpað við að halda hreinu því það elskar engin neitt meira en að vera með hreint og fínt hús .





Mamma er mjög ánægð að Þórey hafi komið til hennar og hafi sagt að hún vilji hjálpa til og leggur til að hún læri að flokka. Þórey spyr mömmu “hvað er að flokka?” Mamma sýnir henni ruslafötturnar sem er búið að merkja vel. Pappír utan á papparuslinu, ruslapoki utan á almenna ruslinu, plast utan á plastruslinu og matur utan á lífræna ruslinu. Hún spyr mömmu sína “hvernig flokkar þú mamma?” Mamma segir “ég til dæmis þvæ sjampó brúsann þegar hann er orðinn tómur og set hann í plast ruslið. Spurðu pabba þinn hvernig hann flokkar.”

Þórey hleypur að pabba og segir “Hvernig flokkar þú pabbi?” Pabbi svarar og segir “ég til dæmis set klósettrúllu hólkinn í papparuslið þegar klósett pappírinn er búinn og kaupi líka fjölnota poka því það þýðir ekkert að vera með fullt af plastpokum og bréf pokum sem enginn notar út um allt hús”. Sjáðu hvað María stóra systir segir um flokkun.





Þórey opnar hurðina inn til Maríu stóru systur og spyr hana “hvernig flokkar þú?” María segir “Ég set bómullinn minn í almenna ruslið þegar ég er búin að þrifa af mér farðann. En ég fór samt út í búð í dag og keypti mér fjölnota klúta svo ég sé ekki að henda svona miklu og svo að ruslið mitt sé ekki að fyllast svona fljótt”. María segir Þóreyju að fara og spyrja Rakel hvernig hún flokkar. Þórey gerir það.



Rakel stóra systir segir "ég veit ekki hvert ég á að setja neitt þannig ég set ruslið mitt bara eitthvert" Þórey skammur Rakel og tekur hana með sér inn í eldhús. Hún sýnir henni merkingarnar á ruslatunnunum og sýnir henni hvaða rusl á að fara hvert. Rakel kann að flokka núna! Rakel segir Þóreyju að spyrja Emilíu.

Þórey fer út í kofa til Emilíu stóru systur og spyr hana hvernig hún flokkar. Emilía segist flokka með því að setja mat í lífræna ruslið og setur popp pokann í papparuslið og plastið utan um poppið í plast ruslið. Emilía segir Þóreyju að hringja í afa.



Þórey hringir í afa og segir “Hæ afi, ég var að læra að flokka! Hvernig flokkar þú? Afi segir “ég flokka með því að setja ónýt raftæki í kölku (endurvinnslustöð) spurðu ömmu þína segir afi.





“Hvernig flokkar þú amma? “Ég set dósir í poka og kem með dósir heim til ykkar svo þið getið safnað þeim og farið með þær í dósasel fyrir pening!” Amma elskar að gefa barnabörnunum dósir svo þau geti safnað sér pening til að kaupa sér eitthvað fallegt. Amma seigjir Þóreyju að spyrja Reyni stóra bróður hvernig hann flokkar.

Þórey hleypur að Reyni og spyr hann “hvernig flokkar þú Reynir? Reynir segist setja það sem eftir er af matnum sínum í lífrænt rusl.





Þórey er búin að læra að flokka rusl, og hvernig öll fjölskyldan hennar gerir það! Hún er spennt að læra eitthvað nýtt til þess að geta hjálpað til!

Mamma spyr Þóreyju “Afhverju er mikilvægt að flokkar?” Þórey svarar “það er mikilvægt að flokka vegna þess að það er hægt að endurnýta allskonar hluti t.d pappír, dósir, plast og margt fleira og það getur minnkað mengun”.

***Bókin fjallar um unga
stelpu að nafninu Þórey. Í
bókinni lærir hún hvernig
á að flokka rusl. Hún
lærir að flokka og kennir
þeim sem kunna það
ekki.***

